

**113. fundur skráningarráðs haldinn 22. mars 2018 kl. 10-11:10 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.**

**Fundarmenn:** Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sat fundinn Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis

- 1. Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt.
- 2. Staðan á vinnu við nýtt kerfi**

Liðnum frestað vegna fjarveru Sigrúnar Hauksdóttur.

**3. DOI númer á rafrænum tímaritsgreinum**

Ástæða þykir til að setja DOI númer í skráningarfærslur fyrir rafrænar tímaritsgreinar. Hallfríður telur best að setja númerið í svið 024, deilisvið a og hafa fyrri vísi 7. Auðkennið þarf að vera leitarbært og virkja þarf vísinn 7. Samþykkt, Hallfríður skoðar með Dögg og bætir í handbók skrásetjara.

**4. Efnisflokkun / efnisorð á skáldsögur í British Library**

Efnisorðagjöf á skáldsögur í British Library skoðuð. Nota 650 7 og stundum 655. Einnig ONS svið sem óljóst er hvernig er búið til.

**5. Önnur mál**

- Áfram rætt um safnfærslur, þær þarf að skoða og taka til í.
- Samþykkt að bæta við möguleikanum óinnbundið í svið 020, deilisvið q þar sem notað hefur verið innbundið og kilja.
- Fræðslufundur skrásetjara verður haldinn 4. maí kl. 10-12. Hallfríður sendir tilkynningu á Vöndu og óskar eftir tillögum að fundarefni.
- Gerð er krafa um að deilisvið q sé notað til að greina skráarsnið í 856 sviði. Ekki má endurtaka deilisvið q þannig að ef notandi getur valið um skráarsnið er ekki hægt að nota q. Hugsanlegt að nota svið 347, ákvörðun ekki tekin.

Næsti fundur verður haldinn 12. apríl 2018 kl. 10-12